



Friðlýsing Grafarvogs

Lokadrög

Umhverfis- og skipulagsráð 3. des. 2025



Erindi Reykjavíkurborgar 9. mars 2021

Reykjavík, 9. mars 2021
R21020187
USK2021020066

Berist til umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundar Inga Guðbrandssonar.

Á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur þann 27. febrúar síðastliðinn var lögð fram og samþykkt tillaga þar sem lagt er til að hafið sé formlegt samtal við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun um friðlýsingar á þremur fjörusvæðum í Reykjavík. Svæðin sem um ræðir eru Blikastaðakró, Grafarvogur og þangfjörusvæði í austanverðum Skerjafirði.

Tillagan hljómar svo:

„Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð samþykki að hefja formlegt samtal við umhverfis og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun um friðlýsingu á Blikastaðakró, Grafarvogi og þangfjörusvæði í austanverðum Skerjafirði. Um eru að ræða þrjú mikilvæg strandsvæði í Reykjavík sem hafa verið tilnefnd af Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir framkvæmdaáætlun náttúruvinnjaskrár. Gert er ráð fyrir að samtalið leiði til þess að ákveðið verði að hefja formlegt friðlýsingarferli Umhverfisstofnunar í samstarfi við Reykjavíkurborg. Í friðlýsingarferlinu verður m.a. tekin ákvörðun um mörk friðlýstra svæða, friðlýsingarflokk auk þess sem mótaðar verða helstu reglur með friðlýsingarskilmálum. Að loknu lögbundnu samráðs- og kynningarferli er gert ráð fyrir að friðlýsingatillögur verði lagðar fyrir borgaryfirvöld til samþykkis áður en ráðherra friðlýsir svæðin endanlega.“

Eftir samþykkt í umhverfis- og heilbrigðisráði var tillögunni vísað til borgarráðs og var þar samþykkt þann 4. mars síðastliðinn sbr. meðfylgjandi bréf frá skrifstofu borgarstjóra.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, óskar nú eftir því við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun að hefja formlega skoðun á þessum friðlýsingaráformum í samráði við Reykjavíkurborg við fyrsta tækifæri.

Þessu bréfi fylgir einnig stutt greinargerð með nánari umfjöllun um fjörusvæðin þrjú, einkenni þeirra og verndargildi og markmið með væntanlegum friðlýsingum.

Sambærilegt bréf hefur verið sent til Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt,


Ötí Örnarsdóttir,
sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs


Guðmundur B. Friðriksson,
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

Samrit: Umhverfisstofnun

Greinargerð með tillögu að friðlýsingu, lögð fram á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs 17. febrúar 2021:

Tillaga að friðlýsingu Grafarvogs

Lagt til að grunnsævi, leirur og fjörur innan Grafarvogs verði friðlýstar.

Markmið með friðlýsingu: Að vernda mikilvægar fjöruvistgerðir og búsvæði fugla en Grafarvogur er einn af fáum óspilltum leirusvæðum innan borgarmarkana og er alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður farfugla, einkum vaðfuglategunda t.d. rauðbrystings, sanderlu, lóupræls, heiðlóu, jaðrakans o.fl.. Grafarvogur er einnig mikilvægur fæðuöflunarstaður fugla allt árið um kring og þar sjást alla jafna margar fuglategundir. Vogurinn er hjartað af vinsælu útivistarsvæði og fá svæði í borginni eru eins aðgengileg fyrir náttúruupplifun og til að stunda fuglaskoðun.

Afmörkun friðlýsts svæðis: Grafarvogur er hluti af tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir B-hluta náttúruvinnjaskrár sem einnig inniheldur mynni Elliðavogs. Hér er lagt til að Grafarvogur innan Gullinbrúar, sem í dag er hverfisverndaður í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, verði friðlýstur. Skoða þarf hversu langt mörkin ná upp á land en þau mörk sem hverfisverndin nær til í dag eru á köflum dregin full langt upp á land til að það henti friðlýsingu og eru mörkin í tillögu Náttúrufræðistofnunar nærri lagi.

Núverandi mörk hverfisverndar í Grafarvogi:





Samstarfshópur Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar



Veiði

Loft

Haf og vatn

Náttúra

Atvinnulíf

Hringrásarhagkerfi

Umhverfisstofnun

← Forsíða / Náttúra / Friðlýsingar / Friðlýsingar í vinnslu / Grafarvogur innan Gullinbrúar

Grafarvogur innan Gullinbrúar



Mynd: Jón Stefán Jónsson

Samstarfshópur, sem skipaður er fulltrúum Umhverfisstofnunar, Reykjavíkurborgar sem einnig er landeigandi og fulltrúa frá umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, vinnur nú að undirbúningi friðlýsingar Grafarvogs innan Gullinbrúar, í samræmi við málsmeðferðarreglur náttúruverndarlaga.



Áform um friðlýsingu auglýst



Mynd: Jón Stefán Jónsson

Áform um friðlýsingu auglýst 2021

Með áformum um friðlýsingu svæðisins er horft til þess að vernda til framtíðar náttúrulegt ástand Grafarvogs og líffræðilega fjölbreytni hans, þ.m.t. mikilvægar fjöruvistgerðir, búsvæði fugla og óspillta leiru.

Áform um friðlýsingu Blikastaðakróar-Leiruvogs sem friðlands, sbr. 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, voru auglýst þann 12. júlí 2021, í samræmi við málsmeðferðarreglur 2. og 3. mgr. 36. gr., sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki er á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skuli kynnt sérstaklega. Auglýsing um áformin var birt í Lögbirtingarblaðinu, vefmiðli Morgunblaðsins, vefmiðli Mosfellings og á heimasíðu og facebooksíðu Umhverfisstofnunar, auk þess sem hagsmunaaðilum var sent bréf þar sem upplýst var um auglýsinguna, hvar hana var að finna og á hvaða tíma gafst tækifæri til að gera athugasemdir. Frestur til að skila inn athugasemdum var til og með 10. ágúst 2021.

Alls bárust erindi frá 8 aðilum á kynningartíma. Gerð er grein fyrir þeim athugasemdum/ábendingum sem bárust vegna áformanna ásamt viðbrögðum samstarfshópsins við þeim í [Umsögn um athugasemdir sem bárust á kynningartíma áforma um friðlýsingu svæðið innan Gullinbrúar í Grafarvogi](#).



	UMHVERFIS STOFNUN	Grafarvogur	Tillaga að afmörkun	Flatarmál: 0,416 km ²
				Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
				Hnattstæða: 19h93
				Kortageið: Ingibjörg M. Bjarnadóttir
				Umhverfisstofnun, dags. 11.5.2021

Tillaga að friðlýsingu

Samstarfshópurinn vinnur nú drög að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið. Tillagan verður lögð fyrir landeigendur/rétthafa lands og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Þá verður tillagan auglýst opinberlega og öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana.



- Tillaga ráðherra um breytt mörk 20. júní 2023
- Hafnað í umhverfis- og skipulagsráði 13. des. 2023
- Vinna vegna friðlýsingar hófst að nýju í mars 2025
- Drög að friðlýsingu kynnt í umhverfis- og skipulagsráði 9. apríl 2025





Athugasemdir og ábendingar

- Ábendingar og athugasemdir um innihald texta
- Athugasemdir við afmörkun
- Athugasemdir vegna mengunar
- Ábendingar um jarðfræðiminjar og menningarminjar





AUGLÝSING

um friðlýsingu Grafarvogs innan Gullinbrúar

1. gr. *Um friðlýsinguna*

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur ákveðið, að tillögu Náttúruverndarstofnunar og með samþykki Reykjavíkurborgar, að friðlýsa Grafarvog, innan Gullinbrúar, sem friðland í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun hefur metið verndargildi hins friðlýsta svæðis, sem liggur innan Reykjavíkur. Grafarvogur hefur hátt verndargildi sem felst einkum í leirum sem eru mikilvægur viðkomustaður farfugla. Þá er umhverfi Grafarvogs vinsælt útivistarsvæði.

Grafarvogur í heild sinni flokkast sem leirulón, en þau einkennast af tiltölulega víðáttumiklum leirum sem þorna upp að mestu þegar lágsjávað er. Sjávarföll eru gjarnan mikil og dýpi lítið. Grunnir árfarvegir og álar eru þó undir ferskvatni á fjöru en fyllast af sjó á flóði. Það á við um Grafarvoginn þar sem Grafarlækur fellur í austurbotn vogarins sem og ónefndur lækur í suðausturhluta vogsins. Á háfjöru eru árfarvegirnir vel sýnilegir langt vestur með voginum. Við botn Grafarvogs finnst plantan Sandlæðingur, sem er mjög sjaldgæf á Íslandi, er á valista sem planta í nokkurri hættu og friðuð skv. auglýsingu nr. 1385/2021.

2. gr. *Markmið friðlýsingarinnar.*

Markmið friðlýsingar svæðisins er að viðhalda og vernda til framtíðar náttúrulegt ástand gróðurs, mikilvægs búsvæðis fugla og sjávarhryggjeysingja auk líffræðilegrar fjölbreytni þannig að það fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum og á eigin forsendum. Friðlýsingin miðar einnig að því að styrkja útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.

3. gr. *Mörk friðlandsins.*

Mörk friðlandsins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingu í viðauka I en nánari landupplýsingar, m.a. hnit, má nálgast hjá Náttúruverndarstofnun. Friðlýsingin nær til landsvæðis og sjávarsvæðis, þ.m.t. fjöru, hafsbots, lífríkis og vatnsbols.



5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun.

Náttúruverndarstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í samvinnu við Reykjavíkurborg, Náttúrufræðistofnun og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um umsjón svæðisins, verndaraðgerðir, aðgerðir til að bregðast við framandi og/eða ágengum tegundum, rannsóknir og vöktun, fræðslu, landnotkun, fráveitu, nytjar, umferð um svæðið, þ.m.t. umferð riðandi, hjólandi, umferð vatnataekja og notkun dróna sem og aðgengi gesta, þar með talið aðgengi fólks með fötlun.

Heimilt er að setja sérstakar reglur í stjórnunar- og verndaráætlun. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

6. gr.

Umferð um friðlandið.

Almenningi er heimil för um friðlandið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja

8. gr.

Rannsóknir og vöktun.

Náttúrufræðistofnun ber ábyrgð á vöktun líffélis í friðlandinu í samvinnu við 74. gr. laga nr. 60/2013

9. gr.

Fræðsla.

10. gr.

Verndun dýralífs, gróðurs og jarðminja.

Vernda skal líffríki friðlandsins, líffræðilega fjölbreytni þess og vistkerfi.

Óheimilt er að trufla dýralíf og/eða raska gróðri af ásetningu, hvort heldur er á landi í fönn í sjó

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu, sem áhrif kunna að hafa á verndargildi friðlandsins eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar, sbr. 2. mgr. 40.



M Loftmyndir ehf

 Náttúruverndar
stofnun

Grafarvogur

 Mörk friðlands

Flatarmál: 0.5 km²

Kortavörpun: Lambert keiluvörpun

Hnattstaða: ISN93

Kortagerð: Ingibjörg M. Bjarnadóttir

Náttúruverndarstofnun, dags. 3. nóvember 2025



Reykjavík